

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 21

24. árgangur

6.4.2017

I	EES-STOFNANIR	
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
2017/EES/21/01	Mál höfðað 1. febrúar 2017 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (mál E-2/17)	1
2017/EES/21/02	Mál höfðað 1. febrúar 2017 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (mál E-3/17)	2
2017/EES/21/03	Dómur dómstólsins frá 29. júlí 2016 í máli E-25/15 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	3
2017/EES/21/04	Dómur dómstólsins frá 29. júlí 2016 í máli E-30/15 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	4
2017/EES/21/05	Dómur dómstólsins frá 29. júlí 2016 í máli E-31/15 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	5
2017/EES/21/06	Dómur dómstólsins frá 29. júlí 2016 í máli E-32/15 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein	6
III	ESB-STOFNANIR	
1.	Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/21/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8312 – Panasonic Corporation/Ficosa International) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2017/EES/21/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8385 – Pillarstone/Famar)	8
2017/EES/21/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8391 – Toyota Industries Europe/Vive) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2017/EES/21/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8434 – Emil Frey France/PGA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10

2017/EES/21/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8445 – Duferco Energia/Energhe) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2017/EES/21/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8465 – Vivendi/Telecom Italia)	12
2017/EES/21/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8091 – SEB Internationale/WMF Group)	13
2017/EES/21/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8159 – ArcelorMittal/Cellino/JV)	13
2017/EES/21/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8196 – Ineos/Arkema Assets)	14
2017/EES/21/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8308 – Munksjö/Ahlstrom II)	14
2017/EES/21/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8329 – Manabol Bitumen/H&R Refining/JV)	15
2017/EES/21/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8367 – Bain Capital/Consolis)	15
2017/EES/21/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8370 – Amundi Immobilier/Malakoff Mederic/TAS Kapstadtring 2)	16
2017/EES/21/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8393 – Thyssenkrupp Technologies/Thyssenkrupp/Atlas Elektronik)	16
2017/EES/21/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8398 – OTPP/OGF Group)	17
2017/EES/21/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8419 – Segro/PSPiB/SELP/Target assets)	17
2017/EES/21/23	Ríkisaðstoð – Eistland – Málsnúmer SA.39182 (2017/C) (áður 2017/NN) (áður 2014/CP) – Meint ólögleg aðstoð við AS Tartu Agro – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	18
2017/EES/21/24	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar skv. 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 96/67/EB um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum Bandalagsins – Orðsending Lýðveldisins Eistlands um beitingu b-liðar 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 96/67/EB um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum Bandalagsins gagnvart alþjóðaflugvöllum í Tallinn	19
2017/EES/21/25	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Breytingar á almannaðjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug	21
2017/EES/21/26	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir	21

2017/EES/21/27	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir	22
2017/EES/21/28	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum	22

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað 1. febrúar 2017 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi

2017/EES/21/01

(mál E-2/17)

Hinn 1. febrúar 2017 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler og Maria Moustakali, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussels.

Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess að EFTA-dómstóllinn lýsi yfir:

1. Að Íslandi hafi, með því að fella ekki úr gildi i) heimildarkerfi vegna innflutnings á hráum eggjum og eggjaafurðum á borð við það sem kveðið er á um í 10. gr. laga nr. 25/1993, og e-lið 3. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 448/2012, ii) heimildarkerfi vegna innflutnings á ógerilsneyddri mjólk og mjólkurafurðum sem unnar eru úr ógerilsneyddri mjólk og kröfur til viðbótar á borð við þær sem kveðið er á um í 10. gr. laga nr. 25/1993 og f-lið 3. gr., 4. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 448/2012, og bann við markaðssetningu á innfluttum mjólkurafurðum sem unnar eru úr ógerilsneyddri mjólk, á borð við það sem kveðið er á um í 7. gr. a reglugerðar nr. 104/2010, og iii) stjórnsýsluframkvæmd þar sem krafa er gerð um að innflytjendur gefi yfirlýsingu og afli samþykkis fyrir innflutningi á meðhöndluðum eggjum og mjólkurvörum, á borð við þá sem hefur verið komið á í tengslum við beitingu reglugerðar nr. 448/2012, vanefnt að uppfylla þær skuldbindingar sínar sem leiða af gerðinni sem vísað er til í lið 1.1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, *tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á*, eins og henni hefur verið breytt og samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og með aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við hann, og einkum 5. gr. tilskipunarinnar.
2. Íslenska ríkinu sé gert að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA heldur því fram að Ísland hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt tilskipun 89/662/EBE með því að fella ekki úr gildi 1) heimildarkerfi vegna innflutnings á hráum eggjum og eggjaafurðum, ii) heimildarkerfi vegna innflutnings á ógerilsneyddri mjólk og mjólkurafurðum sem unnar eru úr ógerilsneyddri mjólk ásamt viðbótarkröfum og bann við markaðssetningu á innfluttum mjólkurafurðum sem unnar eru úr ógerilsneyddri mjólk, og iii) stjórnsýsluframkvæmd þar sem gerð er krafa um að innflytjendur gefi yfirlýsingu og afli samþykkis fyrir innflutningi á meðhöndluðum eggjum og mjólkurvörum.
- ESA byggir á því að reglur um viðskipti á EES-svæðinu með afurðir úr dýraríkinu og dýraheilbrigðiseftirlit séu samræmdar innan EES. Með tilskipun ráðsins 89/662/EBE eru settar reglur um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum á EES-svæðinu með afurðir úr dýraríkinu. Helsta markmið tilskipunarinnar er að afnema dýraheilbrigðiseftirlit á innri landamærum EES-svæðisins og styrkja að sama skapi eftirlit sem fer fram á upprunastað. Lögbærum stjórnvöldum í EES-ríkinu sem er viðtökuríkið er aðeins heimilt eftirlit með vettvangsskoðunum án mismununar, í samræmi við viðkomandi EES-löggjöf.
- ESA telur að með því að fella ekki úr gildi núverandi ráðstafanir geri Ísland viðbótarkröfur, sem ekki séu heimilar samkvæmt samræmdum lagamma fyrir dýraheilbrigðiseftirlit.
- Að mati ESA hefur EFTA-dómstóllinn þegar viðurkennt í dómi sínum í máli E-17/15, *Ferskar kjötvörur ehf. gegn íslenska ríkinu*, sem varðar takmarkanir á innflutningi á hráu kjöti til Íslands, að slíkar kröfur brjóti í bága við reglur EES-réttar. Kveðið er á um sambærilegar takmarkanir að því er varðar egg og mjólkurvörur í íslensku löggjöfnni sem um ræðir.

Mál höfðað 1. febrúar 2017 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi
(mál E-3/17)

2017/EES/21/02

Hinn 1. febrúar 2017 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler og Maria Moustakali, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussels.

Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess að EFTA-dómstóllinn lýsi yfir:

1. Að Ísland hafi, með því að fella ekki úr gildi heimildarkerfi vegna fersks kjöts og kjötvara, á borð við það sem kveðið er á um í 3., 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 448/2012, vanefnt þær skuldbindingar sínar sem leiða af gerðinni sem vísað er til í lið 1.1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, *tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á*, eins og henni hefur verið breytt og samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og með aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við hann, og einkum 5. gr. tilskipunarinnar.
2. Íslenska ríkinu sé gert að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA heldur því fram að Ísland hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt tilskipun 89/662/EBE með því að fella ekki úr gildi heimildarkerfi vegna innflutnings, meðal annars, á fersku kjöti og kjötvörum.
- ESA byggir á því að reglur um viðskipti á EES-svæðinu með afurðir úr dýraríkinu og dýraheilbrigðiseftirlit séu samræmdar innan EES. Með tilskipun ráðsins 89/662/EBE eru settar reglur um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum á EES-svæðinu með afurðir úr dýraríkinu. Helsta markmið tilskipunarinnar er að afnema dýraheilbrigðiseftirlit á innri landamærum EES-svæðisins og styrkja að sama skapi eftirlit sem fer fram á upprunastað. Lögbærum stjórnvöldum í EES-ríkinu sem er viðtökuríkið er aðeins heimilt eftirlit með vettvangsskoðunum án mismununar, í samræmi við viðkomandi EES-löggjöf.
- ESA telur að með því að fella ekki úr gildi heimildarkerfi vegna innflutnings á fersku kjöti og kjötvörum geri Ísland viðbótarkröfur, sem ekki séu heimilar samkvæmt samræmdum lagaramma fyrir dýraheilbrigðiseftirlit.
- Að mati ESA hefur EFTA-dómstóllinn þegar viðurkennt að slíkar viðbótarkröfur brjóti í bága við reglur EES-réttar, í dómi sínum í máli E-17/15, *Ferskar kjötvörur ehf. gegn íslenska ríkinu*.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/21/03****frá 29. júlí 2016****í máli E-25/15****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

(EFTA-ríki vanefnir skuldbindingar sínar – Ríkisaðstoð – 3. mgr. 14. gr. í II. þætti bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól – Misbrestur á að endurheimta ólögmetta ríkisaðstoð)

Hinn 29. júlí 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-25/15, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að gera ekki allar nauðsynlegar ráðstafanir til að endurheimta frá viðtakendum, innan tilskilins tíma, ríkisaðstoð, sem var lýst ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins skv. 2., 3., 4. og 5. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 404/14/COL frá 8. október 2014 um hvatakerfi fyrir fjárfestingar á Íslandi; með því að láta hjá líða að fella niður, innan tilskilins tíma, allar útistandandi greiðslur sem um getur í 7. gr. þeirrar ákvörðunar, þriðju málsgrein; og með því að láta hjá líða að afhenda Eftirlitsstofnun EFTA, innan tilskilins tíma, allar upplýsingar sem koma fram í 8. gr. þeirrar ákvörðunar, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. mgr. 14. gr. II. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og 6., 7. og 8. gr. ákvörðunar nr. 404/14/COL. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. 3. mgr. 14. gr. II. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og 6., 7. og 8. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 404/14/COL frá 8. október 2014 um hvatakerfi fyrir fjárfestingar á Íslandi með því að gera ekki allar nauðsynlegar ráðstafanir til að endurheimta frá viðtakendum, innan tilskilins tíma, ríkisaðstoð, sem var lýst ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins skv. 3., 4. og 5. gr. ákvörðunarinnar; fella niður, innan tilskilins tíma, allar útistandandi greiðslur sem um getur í 7. gr. ákvörðunarinnar, þriðju málsgrein; og með því að láta hjá líða að afhenda Eftirlitsstofnun EFTA, innan tilskilins tíma, allar upplýsingar sem koma fram í 8. gr. ákvörðunarinnar.
2. Íslenska ríkinu er gert að greiða málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/21/04****frá 29. júlí 2016****í máli E-30/15****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

(EES-/EFTA-riki vanefnir skuldbindingar sínar – Misbrestur á innleiðingu – Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum)

Hinn 29. júlí 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-30/15, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðinni sem um getur í lið 15q í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB frá 8. júní 2011 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og skv. 7. gr. sammingsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að taka gerðina upp í íslenskan rétt, eða í síðasta lagi með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um innleiðinguna. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðinni sem um getur í lið 15q í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB frá 8. júní 2011 um breytingu á tilskipun 2001/83 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum að því er varðar að koma í veg fyrir ólöglega innkomu falsaðra lyfja í löglega aðfangakeðju), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og skv. 7. gr. sammingsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að taka gerðina upp í íslenskan rétt.
2. Íslenska ríkinu er gert að greiða málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/21/05****frá 29. júlí 2016****í máli E-31/15****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

(EFTA-riki vanefnir skuldbindingar sínar – Misbrestur á innleiðingu – Tilskipun 2011/77/ESB um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda)

Hinn 29. júlí 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-31/15, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðinni sem um getur í lið 9f í XVII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og skv. 7. gr. samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að taka gerðina upp í íslenskan rétt, eða í síðasta lagi með því að tilkynna ekki Eftirlitsstofnun EFTA um innleiðinguna. Dóminn skipuðu dómarmenn Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðinni sem um getur í lið 9f í XVII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og skv. 7. gr. samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að taka gerðina upp í íslenskan rétt.
2. Íslenska ríkinu er gert að greiða málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/21/06****frá 29. júlí 2016****í máli E-32/15****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein**

(EFTA-ríki vanefnir skuldbindingar sínar – Misbrestur á innleiðingu – Tilskipun 2006/126/EB – Tilskipun 2011/94/ESB – Tilskipun 2012/36/ESB)

Hinn 29. júlí 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-32/15, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Furstadæmið Liechtenstein hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðunum sem um getur í lið 24f í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini (endursamin), tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/94/ESB frá 28. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/36/ESB frá 19. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun 2006/126/EB) skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og skv. 7. gr. samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að taka gerðirnar upp í landsrétt, eða í síðasta lagi með því að tilkynna ekki Eftirlitsstofnun EFTA um innleiðinguna. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen og Páll Hreinsson (framsögumaður), og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Furstadæmið Liechtenstein hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðunum sem um getur í lið 24f í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini (endursamin), tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/94/ESB frá 28. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/36/ESB frá 19. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun 2006/126/EB) skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og skv. 7. gr. samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að taka gerðirnar upp í landsrétt.
2. Furstadæminu Liechtenstein er gert að greiða málskostnað.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/21/07

(mál M.8312 – Panasonic Corporation/Ficosa International)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Panasonic Corporation („Panasonic“) öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu Ficosa International („Ficosa“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Panasonic: þróun og verkfræðivinna í tengslum við rafeindatekni og lausnir í mismunandi atvinnugreinum.
 - Ficosa: áhersla á rannsókn, þróun, framleiðslu og verslun með kerfi og íhluti fyrir mismunandi gerðir ökutækja.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 108, 6.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8312 – Panasonic Corporation/Ficosa International, og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8385 – Pillarstone/Famar)

2017/EES/21/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Pillarstone Europe LLP („Pillarstone“), sem óbeint lýtur yfirláðum bandaríska fyrirtækisins KKR & Co. L.P., öðlast með samningsbundinni stjórnun yfirláð, í skilningi b-liðar 3. mgr. 1. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir lúxemborgska fyrirtækinu Famar SA („Famar“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Pillarstone: vettvangur stofnaður árið 2015 af KKR Credit til þess að taka upp samstarf við evrópska banka um stjórnun á viðbótareignum og eignum sem ekki eru jafn vaxtabærar og ráð var fyrir gert. Með vettvangnum er fyrirtækjum sem eru á bakvið lán í vanskilum og áhættu sem stafar af viðbótareignum boðið upp á langtímafjármögnum og sérfræðiráðgjöf á sviði rekstrar.
 - Famar: eignarhaldsfélag alþjóðlegra samstæðufélaga sem eru virk á sviði framleiðslusamninga lyfjafyrirtækja.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 107, 5.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@EC.EUROPA.EU, eða í pósti með tilvísuninni M.8385 – Pillarstone/Famar, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/21/09****(mál M.8391 – Toyota Industries Europe/Vive)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Rockwell Collins öðlast með hlutabréfakaupum, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Toyota Industries Europe AB, dótturfélagi sem er að fullu í eigu Toyota Industries Corporation („TICO“, Japan) í hollenska fyrirtækinu Vive B.V. („Vive“). Vive er eitt hluthafi í Vanderlande Industries Holding B.V. („Vanderlande“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TICO: framleiðsla og sala á bílum, vélum, þjöppum fyrir sjálfvirkar loftræstingar, hlutum úr málmsteypu, rafmagnsihlutum, búnaði fyrir meðhöndlun efnis, vöruferlisþjónustu og textílvélum.
 - Vive/Vanderlande: hönnun, framleiðsla, sala og samþætting iðnaðarferlisstýringar og sjálfvirknibúnað fyrir flugvelli, vöruhús og meðhöndlun böggla.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 108, 6.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8391 – Toyota Industries Europe/Vive, og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/21/10****(mál M.8434 – Emil Frey France/PGA)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Emil Frey France SAS („Emil Frey“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu PGA Group SAS („PGA“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Emil Frey: innflutningur og dreifing á nýjum og notuðum vélknúnum ökutækjum af mismunandi gerðum í Sviss, Þýskalandi, Frakklandi, Tékklandi, Ungverjalandi, Póllandi, Króatíu, Serbíu og Slóvakíu á bæði heildsölu- og smásölustigi, þ.m.t. dreifing á varahlutum upprunalegs búnaðar.
 - PGA: smásala á nýjum og notuðum vélknúnum ökutækjum af mismunandi gerðum í Frakklandi, Póllandi, Hollandi, Belgíu, Spáni og Ítalíu, þ.m.t. dreifing á varahlutum upprunalegs búnaðar.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

